

---

## FUNDARGERÐ

**Fundur:** Orkuspárnefnd 1999-01

**Fundartími:** Föstudagur 12. febrúar 1999 kl. 13:30

**Fundarstaður:** Orkustofnun,  
Grensásvegi 9

**Fundarefni:**

- 1) Áætlun um störf orkuspárnefndar og hópa á árinu 1999
- 2) Störf raforkuhóps.
- 3) Raforkunotkun ársins 1998.
- 4) Fréttatilkynning um raforkunotkun ársins 1998.
- 5) Störf jarðvarmahóps.
- 6) Störf eldsneytishóps.
- 7) Orkuspár á Internetinu.
- 8) Skipan orkuspárnefndar sbr. síðasta fund.
- 9) Samskipti milli fundarmanna, fundarboð og fundargerðir.
- 10) Önnur mál.

---

**Fundinn sátu:**

**Orkuspárnefnd:** Þorkell Helgason  
Pétur E. Þórðarson  
Björn Rúnar Guðmundsson  
Jón Rúnar Sveinsson  
Eiríkur Bogason  
Haukur Pálmason  
Katrín Ólafsdóttir

**Orkustofnun:** Árni Ragnarsson  
**Verkfræðistofan Afl:** Jón Vilhjálmsson

1. JV sagði að aðilar að raforkuhópnum væru búnir að samþykkja áætlun hópsins. PH sagði að Orkustofnun samþykki áætlun ársins um vinnu fyrir Orkuspárnefnd.
2. JV dreifði einu blaði varðandi störf raforkuhóps og þar kemur fram að hópurinn hefur haldið tvo fundi frá því nefndin kom síðast saman. Formannsskipti voru í raforkuhópnum um áramótin en miðað hefur verið við að formenn sitji í tvö ár. Guðmundur Guðmundsson tók við formennsku af Edvardi G. Guðnasyni. Endurreiknaða raforkuspáin með öllum viðaukum er komin út á Internetið ásamt fleiri gögnum og stefnt er að því að setja sem mest af verkum hópsins þangað (<http://www.os.is/odb/orkuspa/> eða <http://www.afl.is/orkuspa/>). Notkunarflokkar raforku fyrir árið 1998 hafa verið að berast og nú eiga einungis tvær veitur eftir að skila inn þeim gögnum. Aflgögn hafa borist frá Landsvirkjun og Orkuveitu Reykjavíkur en ekki hafa borist gögn frá öðrum veitum. Rúmmál húsrýmis er ekki komið frá fasteignamatinu en það hefur gengið erfiðlega á undanförunum árum að fá þau gögn frá þeim.
3. JV dreifði töflum um raforkunotkun ársins 1998. Raforkuvinnslan jókst um 12,4% á árinu vegna aukinnar notkunar stóriðju en þar var aukningin 23,0%. Almenn notkun minnkaði um 1,0% og flutningstöp og eigin notkun Landsvirkjunar jukust um 29,0%. Almenn notkun forgangsorku jókst um 3,3% og ótryggð orka minnkaði um 26,0%. Eftir leiðréttingu er aukning almennrar notkunar -1,6% en ef einungis er litið á forgangsorkuna er aukningin 2,7% og 26,8% minnkun í ótryggðu orkunni. Síðasta ár var heldur kaldara en árið 1997 og því minnkar aukningin við leiðréttingu en 1998 var þó hlýrra en meðalárið. JV benti á að eigin notkun Landsvirkjunar væri innifalin í töpunum.
4. JV dreifði fréttatilkynningu um Raforkunotkun ársins 1998. Hann sagði að hér væri búið að taka eigin notkun Landsvirkjunar út úr töpunum og einnig væri áætluðum dreifitöpum bætt við ótryggðu orkuna í samræmi við orkuspá auk þess sem sala Landsvirkjunar til Hitaveitu Reykjavíkur er flokkuð með forgangsorku. Þetta gerir það að verkum að tölurnar eru aðeins aðrar hér en töflunum sem dreift var undir lið 3. Samþykkt var að fundarmenn gætu komið með athugasemdir fram á mánudag en síðan mun JV senda fréttatilkynninguna til fjölmiðla í tölvupósti á þriðjudag.
5. ÁR dreifði fundargerð fundar í Jarðvarmahópi og sagði að hópurinn hefði haldið einn fund frá því nefndin kom síðast saman. Aðallega var fjallað um söfnun gagna og hafði áður verið haldinn fundur á Orkustofnun með fulltrúm rafveitna þar sem ákveðið var að samræma söfnun gagna frá rafveitum sem væri á svipuðu formi og söfnun gagna frá hitaveitum. Ákveðið var að gera fáeinar breytingar á eyðublaði sem sent er til hitaveitna. Eyðublöð fyrir rafveitur og hitaveitur hafa þá verið samræmd þannig að þau nýtast einnig Samorku til að taka saman lykilstærðir. Eyðublöðin hafa verið send út og var gefinn frestur til 5. febrúar til að skila þeim inn. Einungis fáeinar veitur eru búnar að skila inn gögnum en farið verður í að ýta á eftir þeim í næstu viku. Ekkert var fjallað um jarðvarmaspá á þeim fundi og ekki liggur fyrir áætlun fyrir hópinn en stefnt er að því að ganga frá nýrri spá á þessu ári.

6. JV dreifði blaði um störf eldsneytishóps en hópurinn hefur komið einu sinni saman frá því nefndin hittist síðast. Þegar rauntölur er bornar saman við spána frá 1995 sést að hún hefur reynst of lág þó að frekar hafi verið gerðar athugasemdir við hana á hinn veginn þegar hún kom út. Ákveðið var að stefna að því að vera tilbúnir með gögn ársins 1998 núna í vor og ætla olíufélögin að skila inn gögnum í síðasta lagi í byrjun apríl. Fulltrúar í eldsneytishópnum voru sammála því að hefja endurskoðun á spánni á þessu ári. Þeir bentu á að framundan væru hertar reglur varðandi brennisteinsinnihald gasolíu og ættu þær við alla landnotkun. Helst þyrfti þá að aðgreina gasolíuna eftir brennisteinsinnihaldi.
7. JV sagði að nú væri allt efni frá nefndinni og hópunum sett út á netið og sagðist hann hafa fengið nokkrar fyrirspurnir um almennu forsendurnar og hafi hann þá vísað mönnum á netið. Fundarmenn voru ánægðir með birtingu upplýsinga frá nefndinni á netinu.
8. BRG sagðist vera að hverfa frá Þjóðhagsstofnun til annarra starfa og sagði að Katrín Ólafsdóttir kæmi í hans stað í nefndinni. Fundarmenn þökkðu Birni fyrir samstarfið og buðu Katrínu velkomna til starfa. JRS sagðist gera ráð fyrir að Íbúðalánasjóður mundi taki við setu Húsnæðisstofnunar í nefndinni en ekki hefði verið tekin formleg ákvörðun um það þar sem formlegt bréf hefði ekki borist. ÞH sagði að bréfið væri á leiðinni til þeirra í pósti. HP sagði að Gunnar Kristinsson væri hættur störfum auk þess sem búið væri að sameina orkufyrirtæki Reykjavíkurborgar. ÞH nefndi hvort rétt væri að fá hitaveitufulltrúa frá öðru orkufyrirtæki en Orkuveitu Reykjavíkur og í því sambandi var sérstakleg bent á Hitaveitu Suðurnesja. HP var falið að kanna hug forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur hvað þetta varðar og ÞH ætlar að ræða við Júlíus hjá Hitaveitu Suðurnesja.
9. JV lagði til að fundarboð yrðu eftirleiðis send með tölvupósti og að fundargerðir væru ekki sendar heldur hafðar á netinu þar sem menn gætu skoðað þær en raforkuhópurinn hefur þegar samþykkt að fara þessa leið. Samþykkt var að prófa þetta.

Fleira ekki gert. Næsti fundur ákveðinn 14. maí. Fundi slitið kl. 15:00.

---

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

"Minnisblað vegna fundar Orkuspárnefndar 12. febrúar 1999. Raforkuhópur Orkuspárnefndar". (JV)

"Raforkunotkun 1998". (JV)

"Almenn raforkunotkun leiðrétt út frá lofthita". (JV)

"Fréttatilkynning. Raforkunotkun ársins 1998". Drög 1 (JV)

Fundargerð: Jarðvarmahópur 1999-01. (ÁR)

"Minnisblað vegna fundar Orkuspárnefndar 12. febrúar 1999. Eldsneytishópur Orkuspárnefndar". (JV)